



NORÐLINGASKÓLI

SKÓLAVIÐMIÐ

Norðlingaskóli er vinnustaður nemenda og starfsmanna og myndar með foreldrum heilstætt skólasamfélag. Í skólanum er leitast við að öllum líði vel og að farið sé eftir þeim grunnviðmiðum sem gilda á flestum heimilum. Þannig styrkjum við það umhverfi sem okkur líður vel í og hvetur til vinnusemi.

Í lögum um grunnskóla segir:

„Nemendum ber að hlíta fyrirætlum kennara og starfsfólks skóla í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.“

Í Norðlingaskóla temjum við okkur eftirfarandi viðhorf og framkomu:



- ...erum jákvæð og lífsglöð
- ...erum kurteis og tillitssöm
- ...komum vel fram við aðra
- ...sýnum öðrum virðingu
- ...erum stundvís
- ...göngum vel um
- ...berum virðingu fyrir eigum annarra
- ...erum vinnuglöð og vinnum verk okkar vel
- ...förum ekki út fyrir skólalóðina á skólatíma þar til í 8. bekk
- ...stundum holla lífshætti, borðum hollan og góðan mat
- ...erum hrein, snyrtileg og klædd eftir veðri
- ...stríðum ekki né leggjum hendur á aðra
- ...tilkynnum veikindi daglega
- ...óskum eftir inniveru í einn dag í framhaldi af veikindum
- ...hjólum ekki á skólalóðinni á skólatíma
- ...berum ábyrgð á eigum okkar í skólanum
- ...misnotum ekki samskiptatækni/tæki s.s. síma
- ...notum ekki tóbak né önnur vímuefni
- ...förum eftir þessum skólaviðmiðum hvar sem verið er á vegum skólans



Ef við breytum út af þessum viðmiðum má búast við viðurlögum sem miðast við eðli hvers máls og aðstæður sbr. verklagsreglur skólans um skólasókn, samskipti og sjálfsögun.